



# Krabbameinsfélagið

**Formannafundur 8. maí 2026**

## **FUNDARGERÐ**

**Mættir:** Inga Rut Gunnarsdóttir – Brakkasamtökin, Eva Björg Óskarsdóttir, Pétur Þór Jónasson og Steingrímur Karlsson – Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis, Erla Sigurjónsdóttir og Jóhann Biddy Byström – Krabbameinsfélag Árnessýslu, Hrefna Eypórsdóttir – Krabbameinsfélag Austfjarða, Sveinfríður Sigurpálsdóttir – Krabbameinsfélag Austur-Húnavatnssýslu, Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir – Krabbameinsfélag Borgarfjarðar, Jóhanna S. Kristjánsdóttir og Vala Smáradóttir – Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins, Þorsteinn Þorsteinsson – Krabbameinsfélag Skagafjarðar, Ásgerður Arnardóttir og Guðrún Kristinsdóttir – Krabbameinsfélag suður-pingeyinga, Ágústa Kristín Grétarsdóttir – Krabbameinsfélag Suðurnesja, Margrét S. Guðjónsdóttir – Krabbameinsfélag V.-Skaftafellssýslu, Guðmundur Oddgeirsson og Stefán Stefánsson – Krabbameinsfélagið Framför, Þórunna M. Sigurbergisdóttir – Krabbavörn Vestmannaeyjum, Helga Lára Haarde og Sólveig Ása Tryggvadóttir – Kraftur, Ómar Einarsson – Ný rödd, Kristín Einarisdóttir og Þórhalli Einarsson – Perluvinir, Inger Rós Jónadóttir – Stómasamtök Íslands, Halla Þorvaldsdóttir, Hlíf Steingrímsdóttir og Rakel Ýr Sigurðardóttir – Krabbameinsfélagið.

Rakel Ýr skrifar fundargerð.

### **Á dagskrá fundar:**

**1. Setning – Hlíf Steingrímsdóttir formaður KÍ**

Hlíf býður fundargesti velkomna og segir nokkur orð. Að því loknu afhendir hún Rakel Ýr fundarstjórnina.

## 2. Starfsemi KÍ - Halla Þorvaldsdóttir framkvæmdastjóri KÍ

Halla fer stuttlega yfir afmælisárið og væntingar um kaffiboð fyrir velunnara víðs vegar um landið

### a. Skimanir – þátttaka eftir landshlutum

Halla fer yfir sögu reglna um úthlutun úr velunnarasjóði. Með hverju ári hefur reynsla bæst við og teknir hafa verið saman punktar sem komið hafa upp á undanförunum árum. Stjórn KÍ fór yfir málið á stjórnarfundum sínum í mars.

Hún bendir á að með styrkveitingum geti félögin eflt starf sitt og að það geti auðveldað þeim, sérstaklega félögum á landsbyggðinni, að sækja stuðning í nærsamfélaginu.

Úthlutun ársins 2026 nemur tæplega 60 milljónum króna.

Halla fer því næst yfir breytingar á reglunum. Málið fer aftur fyrir stjórn KÍ til samþykktar og ekki hafa komið fram athugasemdir sem bregðast þarf við.

Í uppfærðum reglum þurfa félögin að eiga fulltrúa á fundum með KÍ, skoðað verður hvort betra sé að færa formanna- og aðalfundi yfir á virka daga.

### b. Skimanir – þátttaka eftir landshlutum

Halla fer yfir stöðu skimana og bendir á að ekkert landssvæði nái markmiðinu um 75% þátttöku í skimunum. Hún vekur jafnframt athygli á tengli frá Embætti landlæknis þar sem hægt er að nálgast tölulegar upplýsingar.

Fram kemur að þátttaka í leghálsskimunum hafi batnað frá fyrri árum. Þá nefnir hún að erlendar konur missi oft af boðun í skimun og að þar beri samfélagið sameiginlega ábyrgð á að aðstoða þær við að komast í kerfið.

Hún fer einnig yfir að bókunarleiðir í skimun séu ekki nægilega góðar og minnir á verkefni sem hófst á síðasta ári í samstarfi Landspítala og Íslandsbanka með það að markmiði að bæta bókunarkerfið. Einnig sé verið að skoða hvort erlendar konur sækir fremur skimun í heimalandi sínu.

Halla ræðir jafnframt kostnað og aðgengi að skimunum en sums staðar á landsbyggðinni verði fljótt „uppselt“ í tíma. Fram hafa komið hugmyndir, meðal annars austanlands, um að stór fyrirtæki gætu fjármagnað heimsóknir brjóstabílsins og þannig boðið starfsfólki og íbúum upp á

skimun á staðnum. Hún telur óásættanlegt að tímar í skimun klárast svo hratt.

Að hennar mati virðist stærsta hindrunin vera skortur á starfsfólki sem þarf að fylgja búnaðinum og sinna þjónustunni.

**c. Afdrif tillagna vinnuhóps – Rakel Ýr Sigurðardóttir, sérfr.**

Rakel Ýr fór yfir niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir í aðdraganda fundarins um umfang starfsemi aðildarfélaganna. Jafnframt voru þær bornar saman við niðurstöður sambærilegrar könnunar sem framkvæmd var á vegum vinnuhópsins á sínum tíma. Niðurstöðurnar gefa til kynna jákvæða þróun og benda til þess að starfsemi aðildarfélaganna hafi eflst.

Þó var bent á að ekki voru sömu félög sem svöruðu könnuninni í öllum tilvikum, sem kann að hafa áhrif á samanburð niðurstaðna.

Fundarmenn voru sammála um að taka til skoðunar fleiri tillögur sem vinnuhópurinn lagði áður fram. Rakel Ýr var falið að vinna málið áfram og upplýsa aðildarfélögin um næstu skref.

**3. Kynning á efni Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins sem aðildarfélögin geta nýtt sér í tengslum við skimanir – Vala Smáradóttir, framkvstj. KH**

Vala fer yfir kynningarefni sem KH á í tengslum við skimanir. Öllum aðildarfélögum stendur til boða að nýta efnið og bæta sínum merkjum inn í kynningarefnið. Hún bendir líka á að allt kynningarefnið er aðgengilegt á íslensku, ensku og pólsku.

Það hafa einnig verið útbúnar myndbandaklippur sem hægt er að dreifa á samfélagsmiðlum og nota í fræðsluerindi. Myndböndin hafa verið textuð.

Að lokum sýndi hún auglýsingaefni sem unnið var fyrir vitundarvakninguna – *Leghálsskimun – Lítið mál* - í janúar sem KH, Kraftur og fleiri stóðu sameiginlega að.

**4. Umræðuhópar – deilum reynslusögum**

**a. Skimanir – hafa krabbameinsfélögin á hverjum stað hlutverki að gegna?**

- 1) Vera með upplýsingar um hvar skimanir eru og samskiptaupplýsingar, netfang og símanúmer
- 2) Deila á samfélagsmiðlum
- 3) Vekja athygli á mætingu á sínu svæði – lýðheilsuvísar
- 4) Vekja athygli á rétti til endurgreiðslu ferðakostnaðar

- 5) Samnýta aðra viðburði á landsbyggðinni til að koma með þessa fræðslu
  - 6) Rúturferðir frá fyrirtækjum?
  - 7) Bíllaustr verbúðarfólk – aðgengi og samgöngur
  - 8) Ná til yngri aldurshópa og erlendra tiktok-ara
  - 9) Ath með pólsku? Er hægt að deila á þeirra síðu?
  - 10) Koma við í skimun t.d. þegar þú ferð í kaupstað t.d. tannl. Bónus, skimun, bío
- b. **Hvernig styrkjum við tengsl og samstöðu** — viðburðir, hópastarf, jafningjastuðningur
- 1) Reglulegir fundir
    - Alltaf á sama tíma
    - Ná til annarra hópa með fræðslu, t.d. Samtökin 78
  - 2) Vera með fundi á hverju svæði, t.d. á Snæfellsnesi ekki bara á einum stað
  - 3) Samnýta aðra viðburði
  - 4) Maður á mann þar sem þarf
  - 5) Jafningjastuðningur er mjög mikilvægur
  - 6) Námskeið fyrir stuðningshópa og sjálfboðaliða
  - 7) Hafa fjölbreytt hópastarf og markvissa kynningu
- c. **Hvernig getum við samræmt starf aðildarfélaga betur** — sameiginleg verkfæri, miðlun efnis, reglulegir fundir.
- 1) Kynnast betur starfi hvers annars
  - 2) Deila efni hvers annars
  - 3) Fundir reglulegar
  - 4) Heimsækja önnur félög
  - 5) Nýta styrkleika annarra félaga
    1. t.d. fræðsluefni frá K.H
  - 6) Nýta facebook síðu sem er til staðar fyrir aðildarfélög deila meiru.
  - 7) 2x á ári hittingar á teams
  - 8) Umbun sjálfboðaliða (góður jólapakki fél)

## 5. Samantekt og önnur mál

- Pétur Þór Jónasson frá KAON ræddi að það gæti valdið ruglingi að nú væri farið að tala um Krabbameinsfélagið í stað Krabbameinsfélags Íslands eins og áður hafði verið gert.
- Svanborg Sigurgeirsdóttir frá Krabbameinsfélagi Snæfellsness spurði út í happdrætti KÍ og taldi ekki nægilega skýrt að það væri í raun ekki Krabbameinsfélag Íslands sem stæði að happdrættinu heldur KH. Hún óskaði eftir skýrari upplýsingum til aðildarfélaga um hvernig best væri að svara fyrirspurnum sem berast vegna þessa.

Umræðan leiddi einnig að valgreiðslum og hvort þær væru að koma frá KÍ eða KH. Jafnframt var óskað eftir skýrari upplýsingum um hver fengi innkomuna af greiðslunum.

- Inger Rósa Jónadóttir frá Stómasamtökunum spurði um hvernig Krabbameinsfélaginu hefði gengið að koma plakötum inn í líkamsræktarstöðvar. Þau hefðu lent í vandræðum með að plakötin fengju að hanga uppi. Krabbameinsfélagið mun styðja við að koma plakötum upp.
- Erla Guðlaug Sigurjónsdóttir frá Krabbameinsfélagi Árnessýslu nefndi að félög sem selja varning fyrir Krabbameinsfélag Íslands í tengslum við Mottumars og Bleiku slaufuna fái ekki hlut af ágóðanum. Halla svaraði þessu fyrir hönd KÍ og benti á að félögin hefðu þó mikinn hag af þátttöku í átaksmánuðum félagsins. Niðurstaða umræðnanna var að KÍ myndi útbúa upplýsingablað eða minnispunkta fyrir aðildarfélögin sem þau gætu stuðst við þegar spurningar berast um hvort félögin fái hlut af sölunni.

## 6. Fundi slitið